



Svar

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Regína Ásvaldsdóttir, sviðsstjóri

Efni: *Svar við fyrirspurn fulltrúa Flokks fólksins fjölgun hjúkrunarheimila*

Þann 10. júní 2021 lagði fulltrúi Flokks fólksins fram í borgarráði svohljóðandi fyrirspurn sem vísað var til meðferðar velferðarráðs:

„Borgin rekur tvö hjúkrunarheimili. Nú er gríðarlegur skortur á plássi á hjúkrunarheimilum. Fulltrúi Flokks fólksins spyr af hverju borgin komi ekki fleirum hjúkrunarheimilum á laggirnar fyrir þá borgarbúa sem geta ekki lengur búið heima? Alvarlegur skortur er á hjúkrunarrýmum fyrir eldri borgara. Reykjavíkurborg getur ekki skorast hér undan, þótt málið sé á vegum ríkisins. Nýja samninga má gera. Það er þyngra en tárur taki það aðstöðuleysi og skortur á hjúkrunarheimilum sem er núna. Rúmlega hundrað manns liggja á Landspítalanum af því að ekki er hægt að útskrifa þau. Reykjavíkurborg á og rekur tvö hjúkrunarheimili, Droplaugarstaði og Seljahlíð. Sólarhringsþjónusta er á báðum stöðum.

Ekkert er því til fyrirstöðu að bæta við fleiri hjúkrunarheimilum.“

Svar:

Uppbygging hjúkrunarheimila og fjölgun hjúkrunarrýma í borginni er háð framlögum og samþykki ríkisins. Uppbygging á landsvísu er í samræmi við gildandi framkvæmdaáætlun heilbrigðisráðuneytisins um uppbyggingu hjúkrunarrýma. Reykjavíkurborg hefur beitt sér fyrir því að fjölga hjúkrunarrýmum í borginni. Í uppfærðri húsnaðisáætlun Reykjavíkurborgar sem síðast var lögð fyrir borgarráð 29. október 2020 kemur fram að stefnt skuli að því að gera samkomulag og samning um byggingu tveggja hjúkrunarheimila með allt að 300 hjúkrunarrýmum, sem áætlað er að byggja 2022-2025. Þann 25. maí 2021 undirrituðu heilbrigðisráðherra og borgarstjóri samning um byggingu hjúkrunarheimilis við Mosaveg í Grafarvogi fyrir allt að 144 íbúa. Samhliða því staðfestu ráðherra og borgarstjóri sameiginlega viljayfirlýsingu um byggingu hjúkrunarheimilis fyrir allt að 200 íbúa á svæði við Ártúnshöfða. Unnið er að skipulagningu svæðisins og er stefnt að því að hægt verði að hefja verklegar

framkvæmdir við nýtt hjúkrunarheimili í Grafarvogi árið 2023. Ofangreindur samningur og viljayfirlýsing gera ráð fyrir fjölgun sem nemur 344 hjúkrunarrýmum í Reykjavík.